

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 795/2013, um veiðar á sæbjúgum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skilgreind veiðisvæði sæbjúgna eru eftirfarandi, enda uppfylli veiðisvæði skilyrði Matvæla-
stofnunar um heilnæmi afurða á fyrirhuguðu veiðitímabili:

1. Austurland:

1. 65°05,40'N - 13°20,00'V
2. 65°05,40'N - 13°40,00'V
3. 64°42,00'N - 14°00,00'V
4. 64°42,00'N - 13°40,00'V
5. 65°05,40'N - 13°20,00'V

2. Faxaflói:

1. 64°06,00'N - 22°18,00'V
2. 64°06,00'N - 22°49,20'V
3. 64°21,00'N - 22°49,20'V
4. 64°21,00'N - 22°18,00'V
5. 64°06,60'N - 22°18,00'V

3. Aðalvík:

1. 66°21,00'N - 23°03,00'V
2. 66°21,00'N - 23°15,00'V
3. 66°25,80'N - 23°15,00'V
4. 66°25,80'N - 23°03,00'V
5. 66°21,00'N - 23°03,00'V

Veiðar eru heimilaðar utan skilgreindra veiðisvæða, enda uppfylli veiðisvæði skilyrði Matvæla-
stofnunar um heilnæmi afurða á fyrirhuguðu veiðitímabili. Ekki er heimilt í einni og sömu veiðiferð
að veiða innan skilgreinds veiðisvæðis og utan.

Við veiðar á sæbjúgum skal plógstærð ekki fara yfir 2,5 m. Lágmarksmöskvastærð netpoka skal
vera 80 mm að innanmáli. Við mælingar á möskvum gilda ákvæði gildandi reglugerðar um möskva-
mæla og framkvæmd möskvamælinga.

2. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands,
með síðari breytingum og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglu-
gerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. apríl 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.